

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 21. september, var haldinn 144. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.00 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Hrefna Guðmundsdóttir, Örn Þórðarson, Eva Baldursdóttir, Heiðrún Ólafsdóttir, Snædís Karlsdóttir (Fog F) áheyrnarfulltrúi og Tryggvi Scheving Thorsteinsson fulltrúi Íbúasamtaka Hlíða. Þá sat Sigprúður Erla Arnardóttir fundinn sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á skýrslu um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og aðra staði í nágrenninu.
Þorsteinn Rúnar Hermannsson samgöngustjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á borgarlínu, samgöngustjóri kynnir.
Þorsteinn Rúnar Hermannsson samgöngustjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.
3. Fram fer kynning á framkvæmdum við Miklubraut.
Þorsteinn Rúnar Hermannsson samgöngustjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á aðgerðum til þess að minnka hraða í Hlíðahverfi.
Þorsteinn Rúnar Hermannsson samgöngustjóri tekur sæti á fundi undir þessum lið.
5. Fram fara umræður um önnur mál sem tengjast Hlíðahverfi, hraðalækkun vestan Kringlumýrarbrautar og á Snorrabraut. Einnig fer fram umræða um uppbyggingu við BSÍ og áhrif þess á Hlíðarhverfið.

Hverfisráð Hlíða leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar Samgöngustjóra fyrir greinagóða yfirferð um ýmis mál tengd umferð gangandi, hjólandi og akandi í Hlíðum. Hverfisráð tekur undir niðurstöður sem fram koma í skýrslu um að auka þurfi öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og aðra staði í nágrenninu og óskar eftir því að strax verði farið í aðgerðir til þess að bæta öryggi gangandi og hjólandi með því að auka rýmingartíma á gönguljósum yfir Kringlumýrarbraut við Suðurver, við Listabraut, við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, við 365 miðla, við Lönguhlíð og við nýja gönguleið yfir Miklubraut við Klambatún. Hverfisráð óskar eftir að gangandi og hjólandi og öryggi og aðgengi þeirra verði sett í forgang á Miklubraut og Kringlumýrarbraut og að gönguljós og umferðaljós verði stillt með það í huga, þannig að bið gangandi og hjólandi styttest og öryggi aukist.

Hverfisráð ítrekar ósk sína um að strax verði farið í að lækka hraða í hverfinu líkt og kemur fram í skýrslu um hraðaminnkun í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar. Mikilvægt er að þegar framkvæmd við Miklubraut lýkur að hraði fari strax niður í 50 km. hraða. Á sama tíma verði hraði lækkaður annars staðar í samræmi við það sem fram kemur í skýrslunni, Snorrabraut niður í 40 km og Langahlíð sömuleiðis niður í 40 km hraða. Það mun hafa áhrif til góðs fyrir lífsgæði íbúa í hverfinu og auka öryggi vegfarenda.

Framkvæmdastjóra falið að senda bókun á samgöngustjóra og Umhverfis- og skipulagsráð.

6. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. september 2017, þar sem tilkynnt er að Eva Baldursdóttir taki sæti sem aðalmaður í hverfisráði Hlíða í stað Svölu Arnardóttur og að Eva Kamilla Einarsdóttir taki sæti sem varamaður í stað Evu Baldursdóttur. Jafnframt er tilkynnt að Sigfús Ómar Höskuldsson taki sæti sem varamaður í ráðinu í stað Viktors Stefánssonar.

7. Fram fer umræða um fund íbúasamtaka og hverfisráða í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og borgarstjóra um hótelpþbyggingu, íbúðahótel og heimagistingu í hverfunum þremur.
8. Fram fer umræða um að bæta umgengni á Njálsgöturóló.

Hverfisráð Hlíða leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð óskar eftir því að farið verði í aðgerðir til að koma í veg fyrir fíkniefnaneyslu á Njálsgöturóló. Mögulega með því að gróður verði grisjaður þannig að ekki sé skjól til þessa verka, aukinni lýsingu, ruslafötum, mögulega eftirlitsmyndavél og að skoðað verði að veggur við Austurbæ verði tekinn.

9. Fram fara umræður um fundarefni fyrir veturinn 2017-2018.

Fundi slitið kl. 18.15

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Heiðrún Ólafsdóttir

Hrefna Guðmundsdóttir
Eva H. Baldursdóttir